

Frá: **Edda Gíslrún Kjartansdóttir** <noreply@mentor.is>

Date: fim., 8. des. 2022 kl. 21:02

Subject: Mygla greindist í Flataskóla - starfsemi frístundaheimilis færast innan skólans

To:

Til að svara þessum pósti [Smelltu hér.](#)

(Ef hlekkurinn opnast ekki skaltu senda svar á netfang sendanda: eddakj@flataskoli.is)

Sent á: Flataskóli, Aðstandendur

Ágætu forráðamenn,

Á fundi með forráðamönnum nemenda sem var haldinn síðdegis í dag fimmtudaginn 8. desember voru niðurstöður úr sýnatökum úr skólahúsnæði Flataskóla kynntar.

Á fundinum kom fram að starfsemi frístundaheimilis Flataskóla verður færð þar sem mygla hefur greinst þar í kjölfar sýnatöku. Frá og með föstudeginum 9.12. verður Krakkakot með aðstöðu í kennslustofum 1. og 2. bekkjar og á nærliggjandi svæði. Nemendur í 6. HL verða flutt inn á bókasafn skólans föstudaginn 9.12. þar sem þeirra stofa er ein þeirra kennslustofa sem ástæða er til að skoða nánar. Einnig mun kennslustofu sem Tónlistarskóli Garðabæjar hefur haft til afnota verða lokað því það húsnæði þarf að skoða nánar. Kennsla sem fór fram í stofunni færast einnig innan skólans. Þriðja kennslustofan sem þarf að skoða nánar er í Krakkakoti og verður henni lokað ásamt öðrum svæðum Krakkakots.

Í framhaldi af ábendingum um loftgæði í Flataskóla voru tekin sýni í október 2022 og þau send í greiningu. Samkvæmt úttekt verkfræðistofunnar Mannvits lítur húsið almennt út fyrir að vera í góðu ástandi en vísbendingar voru um rakaskemmdir á afmörkuðum svæðum samkvæmt niðurstöðu sýnatöku. Mygla greindist undir gólfdukk á þremur stöðum, í inngangi í frístund, úr eldhúsi í frístund og á gangi í vörumóttöku. Í ryksýnum sem voru tekin er ástæða til að skoða nánar þrjár kennslustofur og einn tengigang.

Til að gæta að fullu öryggi starfsfólks og nemenda mun verkfræðistofan Mannvit ráðast í áframhaldandi mælingar á húsnæði Flataskóla. Gert er ráð fyrir að niðurstöður þeirra mælinga liggi fyrir í janúar 2023.

Mannvit vinnur með bæjaryfirvöldum að aðgerðar- og kostnaðaráætlun vegna viðgerða á skólanum.

Upplýsingar um stöðu mála

Forráðamenn verða áfram upplýstir um stöðu mála en einnig er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu.

Upplýsingar veita:

Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri Flataskóla, eddakj@flataskolis.is

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gudbjorgbra@gardabaer.is

Bestu kveðjur, Edda aðstoðarskólastjóri.

Edda Gíslrún Kjartansdóttir

Flataskóli

sent úr Mentor.is